

Vinnulag Matvælastofnunar varðandi **frávik** er varðar daglegt eftirlit í sláturhúsum

Frávik í fyrsta sinn á tiltekið skoðunaratriði (sbr. GAT-011/GAT-019)

Dýralæknir í sláturhúsi ræðir við gæðastjóra/ábyrgðarmann og bendir honum á frávikið eða sýnir honum það og gefur munnlegan 1-10 daga frest til þess að gera úrbætur á frávikinum. Tímalengd frestsins er háð mati dýralæknisins (áhættumat, risk based). Eftirlitsdýralæknir (ED) skráir í sérstakt Excel-skjal (Samantekt frávika í sláturhúsum – ‘*heiti sláturhúss*’) að munnleg ábending hafi verið gefin um tiltekið frávik og lengd frestsins. Ef vafi leikur á frávikinum er á þessu stigi málsins hægt að vísa í tiltekna reglugerð og skrá tilvitnun í Excel-skjalið. ED kynnir sláturhúsi rétt sinn til andmæla. Hann hefur samráð við HD um viðbrögð eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni.

Excel-skjalið er vistað í skýinu og á S-drifinu í möppunni „Sláturhús allt landið“. Tryggja þarf aðgang hlutaðeigandi starfsmanna MAST að skjalinu á hverjum tíma og að þeim sé kunnugt um vistun þess. Í tilvikum þar sem nettengingu er ábótavant í sláturhúsum skal skjalið uppfært a.m.k. vikulega (hlaðið upp í skýinu).

Sama frávik í annað sinn

ED gerir skriflega frávikaskýrslu (EBL-066) þar sem lengri frestur til úrbóta er veittur en að hámarki 5 dagar. Frestur er byggður á áhættumati. Í skýrslunni skal koma fram réttur sláturhúss til andmæla og jafnframt hvert þau skuli senda (til viðkomandi HD ásamt tímamörkum). Berist andmæli eru þau metin af HD og ákvörðun tekin hvort mál skuli niður falla eða kröfu um úrbætur viðhaldið. Hann svarar þá andmælum formlega úr málakerfi. Skráning í excel skjal.

Stofnun máls:

- Viðskiptavinur valinn;
- Valið ‘Nýtt mál’;
- Starfstöð valin úr fellilista;
- Flokkun: Umdæmisstofur;
- Málarniðmát: Eftirlit í sláturhúsum – Sama frávik (málalykill verður 5.10.2);
- Heiti máls: Sama frávik í annað sinn.
- Tengdir aðilar: Eftirlitsdýralæknar hvers sláturhúss, Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits.

Sama frávik í þriðja sinn

ED skrifar frávikaskýrslu og tilkynnir héraðsdýralækni (HD) um fyrri/ítrekuð frávik og að úrbætur hafi ekki verið gerðar. Í skýrslunni skal koma fram réttur sláturhúss til andmæla og jafnframt hvert þau skuli senda (til viðkomandi HD ásamt tímamörkum). Berist andmæli eru þau metin af HD og ákvörðun tekin hvort mál skuli niður falla eða kröfu um úrbætur viðhaldið. HD getur gefið lengri frest til úrbóta en að hámarki 14 daga. Frestur er byggður á áhættumati, og skráning í Excel-skjalið er með sama hætti og áður. HD getur líka ákveðið að senda málið strax í þvingun á þessu stigi. Hafi andmælum verið svarað úr málakerfi eftir frávik í annað sinn hefur mál þegar verið stofnað í málaskrá. HD tilkynnir fyrirtækinu ákvörðun sína með bréfi úr málinu og heiti þess breytt í ‘Sama frávik í þriðja sinn. Hafi mál ekki verið stofnað er það gert eins og lýst er hér að ofan en heiti breytt.

Sama frávik í fjórða sinn

ED skrifar frávikaskýrslu (enginn viðbótarfrestur) og tilkynnir til HD að úrbætur hafi ekki verið gerðar að fyrri fresti liðnum. HD gerir skýrslu í Ísleyfi og sendir hana beint til ÁAÐ-teymis Matvælastofnunar til efnislegrar meðferðar (þvingunaraðgerðir eða aðrar stjórnvaldsaðgerðir). HD stofnar þá jafnframt mál í málakerfi í samræmi við 1. tl. í VLY-045.

Vinnulag Matvælastofnunar varðandi **alvarlegt frávik** er varðar daglegt eftirlit í sláturhúsum

Alvarlegt frávik í fyrsta sinn á tiltekið skoðunatriði (sbr. GAT-011/GAT-019)

ED gerir skriflega frávikaskýrslu (EBL-066) þar sem frestur til úrbóta er veittur en að hámarki 1 dag. Í skýrslunni skal koma fram réttur sláturhúss til andmæla og jafnframt hvert þau skuli senda (til viðkomandi HD ásamt tímamörkum). Berist andmæli eru þau metin af HD og ákvörðun tekin hvort mál skuli niður falla eða kröfu um úrbætur viðhaldið. Hann svarar þá andmælum formlega úr málakerfi. Frestur er byggður á áhættumati, skráning í Excel-skjalið með sama hætti og áður er lýst.

Stofnun máls:

- Viðskiptavinur valinn;
- Valið 'Nýtt mál';
- Starfstöð valin úr fellilista;
- Flokkun: Umdæmisstofur;
- Málasniðmát: Eftirlit í sláturhúsum – Alvarlegt frávik (málalykill verður 5.10.2);
- Heiti máls: Alvarlegt frávik í fyrsta sinn.
- Tengdir aðilar: Eftirlitsdýralæknar hvers sláturhúss, Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits.

Dýralæknir getur ávallt gert kröfu um tafarlausar úrbætur á staðnum ef frávik eru þess eðlis að úrbætur þola ekki bið.

Alvarlegt frávik í annað sinn

ED skrifar frávikaskýrslu og tilkynnir héraðsdýralækni (HD) um frávikið og að úrbætur hafi ekki verið gerðar. Í skýrslunni skal koma fram réttur sláturhúss til andmæla og jafnframt hvert þau skuli senda (til viðkomandi HD ásamt tímamörkum). Berist andmæli eru þau metin af HD og ákvörðun tekin hvort mál skuli niður falla eða kröfu um úrbætur viðhaldið. HD getur gefið lengri frest til úrbóta en að hámarki 1 dag. HD getur líka ákveðið að senda málið strax í þvingun og/eða refsiferli á þessu stigi. HD tilkynnir fyrirtækinu ákvörðun sína með bréfi úr málinu og heiti þess breytt í 'Alvarlegt frávik í annað sinn'. Frestur er byggður á áhættumati, skráning með sama hætti og áður lýst.


Alvarlegt frávik í þriðja sinn

ED skrifar frávikaskýrslu og tilkynnir til HD að úrbætur hafi ekki verið gerðar að fresti liðnum. HD gerir skýrslu í Ísleyfi og sendir hana beint til ÁAÐ-teymis Matvælastofnunar til efnislegrar meðferðar (þvingunaraðgerðir eða aðrar stjórnvaldsaðgerðir). HD stofnar jafnframt mál í málakerfi í samræmi við 1. tl. í VLY-045. Skráning í Excel-skjalið með sama hætti og áður.

Sjá samantekt ferlis fyrir viðbrögð við frávikum á mynd 1.

Sjá samantekt ferlis fyrir viðbrögð við alvarlegum frávikum á mynd 2.

Mynd 1. Frávik



Mynd 2. Alvarleg frávik

